

Miðvikudaginn 7. maí 1997.

Nr. 195/1997. **Lögreglustjórnin í Reykjavík**

gegn

Sigurros Svavarsdóttur

(Pétur Gautur Kristjánsson hdl.)

Kærumál. Hald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. maí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 1997, þar sem hafnað var kröfu varnaraðila um, að felld yrði niður hald, sem sóknaraðili lagði á peninga í vörslum varnaraðila við húsleit á heimili hans 13. desember 1996 vegna ætlaðs fíkniefnamisferlis. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að umræddri haldlagningu verði hnekk og sér afhentar þegar í stað 227.000 krónur með áföllnum bankavöxtum.

Sóknaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms.

Samkvæmt gögnum málsins lagði sóknaraðili í umrætt sinn hald á 222.000 krónur á heimili varnaraðila vegna rannsóknar á umfangsmiklu fíkniefnamáli. Í greinargerðum málsaðila fyrir Hæstarétti kemur hins vegar fram, að þá greinir á um, hver sé fjárhæð þess, sem hald var lagt á, og að varnaraðili telji hana vera 227.000 krónur. Ekki verður hér tekin afstaða til þessa ágreinings.

Fyrirnefndri rannsókn, sem var tilefni haldlagningarinnar, er lokið, og hefur málið verið sent ríkissaksóknara til meðferðar, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um framhald málsins. Samkvæmt þessu þykir vera fullnægt skilyrðum 78. gr., sbr. 82. gr. laga nr. 19/1991, til að leggja megi hald á fé varnaraðila. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 1997.

Hinn 28. apríl sl. barst dóminum krafa Sigurrósar Svavarsdóttur, kt. 190953-5219, Úthlíð 14, Reykjavík, þess efnis, að dómurinn kvæði upp úrskurð samkvæmt 75. gr. laga nr. 19/1991 um ágreining hennar og embættis lögreglustjórans í Reykjavík, að því er varðar 227.000 kr., sem hald var lagt á við húsleit á heimili hennar 13. desember sl., og þess krafist, að lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. deildar þeirrar, sem kennd er við ávana- og fíkniefni, skili henni ofanefndri fjárhæð. Einnig er krafist kærumálskostnaðar að mati dómsins. Er því haldið fram, að haldlagning lögreglu á peningunum standist ekki lög, enda séu peningar ekki munir í skilningi þeirra ákvæða laga nr. 19/1991, sem fjalla um haldlagningu.

Af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík er kröfu Sigurrósar mótmælt og því fram haldið, að haldlagning fjármunanna sé lögleg. Þá sé ljóst, að rannsókn málsins sé ekki lokið fyrr en við útgáfu ákæru, og því eigi ákvæði 1. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1991 hér við, en málið hafi verið sent ríkissaksóknara 28. apríl sl.

Samkvæmt rannsóknargögnum var lagt hald á 222.000 kr. við húsleit að Úthlíð 14 í Reykjavík 13. desember 1996. Húsleit þessi var gerð vegna rannsóknar lögreglu á umfangsmiklu fíkniefnamáli. Sigurrós Svavarsdóttir var auk annarra handtekin við húsleitina, en leyst úr haldi síðar. Sigurrós hefur krafist þess hjá lögreglu að fá hina haldlögðu fjármuni afhenta, en verið neitað að svo stöddu. Þá hefur af hennar hálfu verið gerð stjórnsýslukæra í sama tilgangi, en dómsmálaráðuneytið vísaði málinu frá og benti kæranda á dómstólaleiðina. Eins og fyrr segir, barst dóminum beiðni um úrskurð samkvæmt 75. gr. laga nr. 19/1991 28. apríl sl.

Við fyrirtöku þessa máls upplýstu aðilar, að ágreiningur væri um hæð þeirrar fjárhæðar, sem hald var lagt á, en ekki verður talið, að sá ágreiningur komi í veg fyrir, að lagður verði á úrskurður samkvæmt 75. gr. og 79. gr. laga nr. 19/1991.

Það er í valdi lögreglu að meta, hvort skilyrði haldlagningar séu í hverju einstöku tilviki. Í þessu máli var lagt hald á peninga, sem fundust faldir á heimili Sigurrósar Svavarsdóttur, og leikur grunur á, að þeir tengist fíkniefnamáli því, sem til rannsóknar var hjá lögreglu og hefur nýlega verið sent ákærvaldinu. Samkvæmt 82. gr. laga nr. 19/1991 skal aflétta haldi, þegar þess er ekki lengur þörf, og í síðasta lagi, þegar máli er endanlega lokið, með þeim undantekningum, sem frá er greint í a- til c-lið. Þar sem ákærvaldið hefur ekki tekið ákvörðun um framhald málsins, verður að telja,

að enn sé þörf á haldlagningu fjárins, enda má telja líklegt, að krafist verði upptöku þess, verði ákæra gefin út. Kröfu Sigurrósar Svavarsdóttur um afhendingu fjárins er því hafnað.

Krafa um kærumálskostnað verður ekki tekin til greina, enda verður að skilja kröfugerð Sigurrósar Svavarsdóttur á þann veg, að um sé að ræða kröfu samkvæmt 75. og 79. gr. laga nr. 19/1991, en ekki kæru í eiginlegum skilningi.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu Sigurrósar Svavarsdóttur, kt. 190953-5219, um, að henni verði afhent fjárhæð sú, sem hald var lagt á við húsleit lögreglu 13. desember 1996.

Kröfu um kærumálskostnað er hafnað.
